

málmnr. 1708458
Dags. 20.6.2018

Umhverfis -og skipulagsþjónusta Hafnarfjarðabær

19.06.2018


Undirrituð Svavar Máni Hannesson og Aldís Dröfn Stefánsdóttir, Lækjargötu 4 Hafnarfirði gerum athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi lóðanna við Lækjargötu 2 og Suðurgötu í samræmi við 1. mgr 43. gr. Skipulagslaga nr 123/2010, sem samþykkt var á fundi Skipulags -og byggingaráðs Hafnarfjarðar 09.02.2018.

Athugasemdir við breytingar á deiliskipulagi:


1. Samkvæmt fasteignamati á lóð nr.121751 Lækjargötu 4 er lóðin skráð 723 fermetrar. Samkvæmt gögnum sem fánleg eru hjá Umhverfis -og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðabæjar tók bærinn 103 fermetra af lóð nr. 121751 við Lækjargötu 4 árið 1970 undir lagningu gatna. Við spyrjum sem leigendur og fyrir hönd eiganda efri íbúðar í Lækjargötu 4 Halldóru Margrétar Árnadóttur kt 260165-5779 hvort bærinn hafi haft rétt til þess að taka hluta af lóðinni? Samkvæmt hvaða lögum? Samkvæmt lögum um erfðafestu áður en land er tekið eignarnámi þarf sveitarfélag að hafa fullreynt samningsleiðina við erfðaréttthafa landsins, var það gert árið 1970 og eru til gögn því til stuðnings? Við rengjum réttindi Hafnarfjarðabæjar til að nota hluta af lóðinni og óskum eftir því að bærinn sýni og sanni fyrir okkur lögmati og gildi ákvörðunarinnar frá árinu 1970.
2. Verði ákvörðun frá árinu 1970 ekki ógild þá mótmælum við harðlega notkun hluta lóðarinnar við Lækjargötu 4 undir byggingu þriggja bílastæða við Brekkugötu, þá sérstaklega fyrsta stæðið frá Lækjargötunni. Við gerð þess bílastæðis yrði lokað fyrir innkeyrslu inn á lóð Lækjargötu 4. Við viljum einnig benda á að bílastæði eins og þau eru teiknuð upp á þessum stað eru illa staðsett og verði lítið sem ekkert notuð yfir vetratímam þar sem hallinn á brekkunni er mikill á þessum kafla og brekkan ófær að mestu þegar snjórinn, slabbið og hálfkan er. Mikinn snjó skefur neðst í götunni sem veldur því að bílar eiga erfitt með að komast upp brekkuna á vetratíma. Einnig verður erfitt að leggja í millistæðið þar sem gata en þröng og býður ekki upp á það.




3. Við gerum einnig athugasemd að við framvæmdir breytinga geti skaðað hluta lóðarinnar sem eftir verður og geti skapað hættu fyrir börnin sem búsett eru í húsnæði Lækjargötu 4.
 4. Við óskum því eftir ítarlegum útskýringum hvernig öryggi íbúa við Lækjargötu 4 verði tryggt á meðan framkvæmdum standa yfir og eftir það.
4. Gerð er athugasemd við hækkun sjónlínu á mæni byggingana eins og sjá má af teikningunni hér fyrir neðan.




5. Gerð er athugasemd við færslu bygginga í austur og þar með þrengt að gangstétt og húsin færð alltof nálægt húsunum sem standa í Brekkugötunni og Lækjargötu 4.




6. Gerð er athugasemd á lokun útsýnis með byggingu 2e sem sett er niður á auðan reit og mun blokka útsýni til vesturs fyrir íbúa Brekkugötu og Lækjargötu og jafnframt eyðileggja útsýni vegfarenda um Suðurgötu, Lækjargötu, Strandgötu og Fjarðagötu, upp á Hamarinn og eina helstu heillegu götumynd húsa á Íslandi eru yfir 100 ára gömul.



7. Gerð er athugasemd við byggingu húsin 2a sem sett er niður á því sem næst auðan reit sem mun blokka útsýni til vesturs fyrir íbúa Brekkugötu og Lækjargötu. Jafnframt mun það eyðileggja útsýn vegfarenda Suðurgötu, Lækjargötu, Strandgötu og Fjarðagötu, upp á götumynd húsa sem eru orðin 100 ára gömul.



8. Gerð er athugasemd við að ekki sé leitast við að halda húshæð í samræmi við halla götu. Eðlilegast væri að halda götuhalla og leiðréttu þannig þau mistök sem Dvergur var byggður á.



Svavar Máni Hannesson kt 270293-2719 Svavar m. Hannesson

Aldís Dröfn Stefánsdóttir kt 010689-3339 Aldís Dröfn Stefánsdóttir